

Fimmtudaginn 11. apríl 1989.

Nr. 8/1989.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sigþóri Heiðari Hrafnssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Akstur án ökuréttinda.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson og Bjarni K. Bjarnason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 14. desember 1988 að ósk ákærða.

Á grundvelli framburðar ákærða, sem er í samræmi við önnur sakargögn, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu.

Með dómi Hæstaréttar 9. desember 1988 var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi. Voru tvö mál gegn ákærða þá sameinuð hér fyrir dómi og dæmd í einu lagi. Var þar annars vegar um að ræða mál það, sem um getur í hinum áfrýjaða dómi og dæmt var 1. desember 1987. Í öðru lagi var fjallað um mál, sem dæmt var 31. október 1988 í sakadómi Reykjavíkur, en þá var ákærði dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Refsing ákærða er með hliðsjón af sakarferli hans hæfilega ákveðin fangelsi 40 daga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest og dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar eins og nánar segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti fangelsi 40 daga.

Sakarkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1988.

Ár 1988, fimmtudaginn 1. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 642/1988: Ákærvaldið gegn Sigþóri Heiðari Hrafnssyni, sem dómtekið var sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. nóvember 1988, á hendur ákærða, Sigþóri Heiðari Hrafnssyni málara, Krummahólum 2 í Reykjavík, fæddum 27. ágúst 1966 á Selfossi, „fyrir að aka miðvikudaginn 31. ágúst 1988, sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R 52911 austur Suðurlandsveg í Árnessýslu með allt að 108 km hraða miðað við klukkustund eftir vegarkafli við Hraungerði, en þar hafði lögreglan afskipti af akstri hans og fyrir að aka bifreiðinni þaðan að bænum Þjórsártúni.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr., 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni R 52911, sviptur ökuréttindum ævilangt, austur Suðurlandsveg með 108 kílómetra hraða á klukkustund á móts við bæinn Hraungerði í Hraungerðishreppi í Árnessýslu og að aka bifreiðinni þaðan að bænum Þjórsártúni.

Í 3. mgr. 80. gr. eldri umferðarlaga, nr. 40/1968, var varðhaldsrefsing lögð við því að aka vélknúnu ökutæki sviptur ökuréttindum eða rétti til þess að öðlast þau. Þegar umferðarlögunum var breytt með lögum nr. 54/1976, féll ákvæði þetta niður. Dómstólar hafa eftir það beitt 1. mgr. 27. gr. laganna sem refsheimild um tilvik sem þessi. Það ákvæði er efnislega samhljóða 1. mgr. 48. gr. núgildandi umferðarlaga, en þau lög hafa ekki að geyma neitt ákvæði sem svarar til 3. mgr. 80. gr. eldri umferðarlaga. Verður að telja með hliðsjón af margra ára dómvenju, að ákærði hafi með atferli sínu brotið gegn 1. mgr. 48. gr. núgildandi umferðarlaga. Þá hefur ákærði brotið gegn 2. mgr. 37. gr. umferðarlaganna, sbr. 1. gr. auglýsingar um hámarkshraða á þjóðvegum, nr. 250/1987.

Ákærði var í nóvember 1982 sektaður og sviptur ökuleyfi í tvo mánuði fyrir ölvun við akstur. Þá var árið eftir frestað ákæru á hendur honum fyrir þjófnað. Í janúar 1984 var ákærði dæmdur í 30 daga skilorðsbundið varðhald og sekt fyrir nytjatöku og réttindaleysi við akstur. Í mars 1986 var hann sektaður fyrir ölvun við akstur og sviptur ökuréttindum í sex mánuði og í apríl sama ár var hann sektaður og sviptur ökuréttindum í tólf

mánuði fyrir ölvun og réttindaleyfi við akstur. Í desember 1987 hlaut ákærði 45 daga varðhaldsdóm fyrir fölsunarbrot, þjófnað, nytjastuld, ölvun og réttindaleyfi við akstur. Þá var hann sviptur ökuréttindum ævilangt. Í október það ár var hann svo sektaður fyrir eignaspjöll. Loks var ákærði sakfelldur í maímánuði síðastliðnum fyrir skjalafals, en ekki gerð sérstök refsing.

Refsing ákærða nú þykir hæfilega ákveðin fangelsi 60 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sigþór Heiðar Hrafnsson, sæti fangelsi 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
